

Fréttatilkynning, 8. apríl 2008

8 viðskiptahugmyndir í úrslit

Úrslit í Frumkvöðlakeppni Innovit 2008 fyrir íslenska háskólanemendur og nýútskrifaða fara fram nk. laugardag 12. apríl. Alls komust 8 viðskiptahugmyndir í úrslit keppinnar og munu frumkvöðlarnir kynna hugmyndir sínar og svara spurningum frammi fyrir yfirdómnefnd keppinnar í úrslitunum. Sigurvegararnir hljóta að launum verðlaunagripinn Gulleggið 2008 og 1.5 mkr. í verðlaunafé.

Yfirdómnefnd keppinnar samanstendur af fulltrúum úr íslensku atvinnulífi og samstarfsaðilum Frumkvöðlakeppni Innovit. Í dómnefndinni sitja:

Anna Katrín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Íslandspósti
Baldur Stefánsson, fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans
Berglind Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Gísli Benediktsson, sérfræðingur hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins
Gísli Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri Thule Investments
Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs
Jón Bjarni Gunnarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins
Svanur Valgeirsson, rekstrarstjóri Debenhams f.h. Baugs group

Keppnin sameinar tvo mikilvæga þætti fyrir eflingu nýsköpunar og stuðnings við sprotafyrirtæki. Í fyrsta lagi er frumkvöðlum veitt þjálfun, aðhald og stuðningur en auk þess er með keppninni búin til ákveðinn umgjörð sem með árunum mun vonandi verða gæðastimpill á viðskiptahugmyndir og þannig vettvangur fyrir íslenska og erlenda viðskiptaengla til þess að meta hugmyndir og sía þær vænlegustu út snemma í vaxtarferli fyrirtækjanna.

“Keppnin hefur gengið vonum frammar nú í fyrsta sinn sem hún er haldin og það er virkilega gaman að sjá þann mikla sköpunarkraft og snerpu sem býr í frumkvöðlum landsins. Keppnin byggist upp á kröfum og hraða viðskiptalífsins til að keppendur öðlist marktæka reynslu í stofnun og rekstri fyrirtækja. Við gerum miklar gæðakröfur til keppenda og það er von okkar að með árunum muni Frumkvöðlakeppni Innovit verða ákveðinn gæðastimpill á nýjar viðskiptahugmyndir sem muni laða að sér auknar fjárfestingar einkaaðila í sprotafyrirtækjum og bæta árangur þeirra.” – Andri Heiðar Kristinsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Innovit.

Hér að neðan og á www.innovit.is má lesa nánar um þær viðskiptahugmyndir sem komnar eru í úrslit.

Allar nánari upplýsingar veitir Magnús Már Einarsson, stofnandi Innovit og formaður verkefnastjórnar keppinnar. S : 866-6499. magnus@innovit.is

Um Innovit

Innovit er nýsköpunar- og frumkvöðlasetur fyrir kraftmikið og metnaðarfullt fólk með góðar viðskiptahugmyndir þar sem lögð er megináhersla á viðskiptatækifæri sem spretta úr starfi íslenskra háskóla. Innovit var stofnað af stúdentum árið 2007 og er einkarekið frumkvöðlasetur sem rekið er í almannabágu.

Meginmarkmið Innovit er að auka þátt háskólamenntaðra einstaklinga í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og stuðla að fjölgun sprotafyrirtækja í þekkingariðnaði. Í því skyni er lögð megináhersla á að skapa kraftmiklu og vel menntuðu fólk fyrsta flokks umgjörð til að byggja upp tengslanet, sækja sér þekkingu og öðlast reynslu í stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja.

Heilsufæði ehf

Hugmyndin byggir á þróun og markaðssetningu markfæðis úr fiskiprótnum, sjávarþangi og mjólkurpróteinum (íslensku hráefni) sem hefur víðfeðm jákvæð heilsufarsleg áhrif, þ.m.t. blóðþrýstingslækkandi áhrif. Framleiðslufyrirtækið mun heita Heilsufæði ehf. Hráefnið hefur þá sérstöðu á markaði í dag hafa ekki verið nýtt á þennan hátt innan núverandi framleiðslueininga þeirra birgja sem áætlað er að verslað verði við. Þetta yrði mikil verðmætaaukning á hráefni. Það er því ódýrt miðað við að vera í hæsta gæðaflokki.

Bjarmalundur ehf

Bjarmalundi er ætlað það hlutverk að veita samfelldan stuðning við sjúklinga með heilabilun og fjölskyldur þeirra, allt frá því að grunur vaknar um sjúklegt ástand og þar til viðkomandi vistast á sólarhringsstofnun. Með því að létta álaginu af fjölskyldunum geta sjúklingar dvalið lengur heima, sem er fjárhagslega hagkvæmt fyrir samfélagið. Einnig verður hlutverk Bjarmalundar að vera leiðandi í rannsóknum, stefnumótun og nýjum úrræðum varðandi þennan viðkvæma skjólstaðingahóp, sem á sér fáa málsvara sökum eðlis sjúkdómsins.

CLARA

Mikið af upplýsingunum sem fyrirtæki sækjast eftir með skoðanakönnunum eru núorðið til staðar á veraldarvefnum. Við getum tekið þessar upplýsingar saman á sjálfvirkan hátt og unnið úr gögnum með háþróaðri gervigreind sem greinir samhengi og tilfinningar í texta. Þannig viljum við lækka kostnað sem fyrirtæki leggja almennt í markaðsrannsóknir og gjörbreyta þekktum aðferðum.

Tunerific - Gagnvirkt gítarstillikerfi fyrir farsíma

Hönnun og útfærsla á hugbúnaðarlausn sem keyrir óháð öðrum kerfum á síma notandans og krefst ekki auka vélbúnaðartækja. Lausnin gerir notendum kleift að stilla gítar með hjálp farsímans. Forritið ber tóna frá gítarum saman við staðlaða tóna og nýtir til þess Fourier greiningu. Frávikið frá réttum tón er því næst sýnt á myndrænan hátt í skjá símans. Í stað hinna hefðbundnu tóngjafa er hér komin handhæg aðferð til að stilla gítar. Með tilkomu þessarar lausnar ættu hefðbundin gítarstillitæki sem þjóna þeim eina tilgangi að stilla gítar að heyra sögunni til. Lausnin á því vandamáli að stilla gítar er komin í farsíma sem eru fjölnota tæki og sjaldnast langt frá eigendum sínum.

Smart Iron Systems

Undanfarin ár hefur byggingariðnaðurinn farið sívaxandi, bæði í fjölda og umfangi verka. Enn eru mörg erfiðisverkin unnin í höndunum því skortur er á sjálfvirkum lausnum. Það er því töluverður markaður fyrir tæki sem geta leyst mannshöndina af hólmi. Verkefnið gengur út á að þróa vélur sem hægt er að nota á verkstað til að vinna ýmis verkefni á sjálfvirkan hátt. Einhæf vinna hentar vel fyrir tölvustýrða vél þar sem hægt er að sækja verkbeiðni í gagnagrunn sem vélin síðan vinnur eftir. Fyrst um sinn verða vélarnar seldar á íslenskan markað en áætlanir eru um að hefja sölu erlendis þegar reynsla er komin á þær.

Eff2 Technologies / Videntifier

Videntifier kerfið getur sjálfvirkt greint vídeóefni á netinu til varnar höfundarrétti. Það þekkir aftur þúsundir klukkustunda af efni sem það hefur áður séð, og getur farið yfir mikið magn efnis á hverjum degi. Kerfið fer yfir vídeó á netinu og ber kennsl á það. Því næst er hægt að semja um greiðslu fyrir birtingu efnisins eða það tekið niður, í samræmi við óskir höfundarréttarhafa.

BROW liner

Viðskiptahugmyndin gengur út á að umbylta ákveðnum hluta snyrtivöruiðnaðarins með þróun og hönnun á áhaldi sem er einfalt og notendavænt, sér í lagi fyrir eldri konur og sjónskerta. Áhaldið er nýjung og mun það vera framleitt í Kína. Markhópurinn eru konur 18 ára og eldri.

Náttúruleugar við Jökul

Náttúrufegurð Íslands er okkar aðal aðdráttarafi og vinnum við hugmyndina okkar út frá þeim forsendum. Markmiðið með hugmyndinni okkar er að ferðamaðurinn komist burt frá amstri dagsins og fái að njóta stórbrotins umhverfis í náttúrulegum í nágrenni jökuls.